

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1997-2017, breytingar í þéttbýli og næsta nágrenni.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. nóvember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðis 1997-2017, frá 5. ágúst 1999.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Iðnaðarsvæði (lóð fiskimjölsverksmiðju) minnkar og opið svæði stækkar sem því nemur.
2. Iðnaðarsvæði breytist í stofnanasvæði (Fræðasetur).
3. Sunnan við Austurgötu bætist við 10 m belti sem skilgreint er sem opið svæði.
- 4.-7. Iðnaðarsvæði milli Sjávangötu/Sjávarbrautar að vestan og Strandgötu að austan breytist í svæði með blandaðri landnotkun iðnaðarsvæðis, athafnasvæðis og svæðis fyrir verslun og þjónustu.
8. Heimilt verður að reisa mastur og endurvarpsstöð á svæði skilgreindu fyrir útivist og íþróttir.
- 9.-10. Íbúðarsvæði til notkunar eftir skipulagstímabilið í Bæjarskershverfi ofan Stafnesveggar breytist í íbúðarsvæði. Svæðið nær að mörkum varnarsvæðis.
11. Gert er ráð fyrir göngustíg niður að strönd.
12. Opið svæði norðan við Lyngsel breytist í landbúnaðarsvæði.
13. Stofnanasvæði við Lyngsel stækkar á kostnað opins svæðis og nær að mörkum varnarsvæðis.
14. Gert er ráð fyrir tjaldsvæði austan við stofnanasvæði við samkomuhús.
15. Lega Strandgötu breytist og við það breytist einnig afmörkun og stærð aðliggjandi svæða.
16. Gert verður ráð fyrir göngustíg til norðurs að Garði.
17. Opið svæði norðan við Fitjar breytist í svæði fyrir frístundabyggð.
18. Gert verður ráð fyrir göngustígum sem tengjast golfvelli.
19. Lega Hafnargötu og Sjávangötu breytist lítillega og við það breytist afmörkun aðliggjandi svæða.
20. Landnotkun á varnarsvæðinu innan þéttbýlisuppráttar er felld út.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. nóvember 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.